

OYSTER PERPETUAL
GMT-MASTER II

ROLEX

M

MICHELSSEN

ÚRSMÍÐIR

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.michelsen.is

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 20. ágúst 2014 | 19. tölublað | 10. árgangur

Sími: 512 5000 | [visir](http://www.visir.is) www.visir.is

VIÐ ELSKUM
UMHVERFIÐ!



Guðjón Ó
VISTVÆNA PRENTSMÍÐJAN



STÓRU VERKEFNUNUM HEFUR FÆKKAÐ

→ Verkefnum erlendra kvikmyndavera hér á landi hefur fækkað á þessu ári miðað við 2012 og 2013.

→ Umsjónarmaður Film in Iceland segir að árið verði að teljast ágætt miðað við þau verkefni sem séu í skoðun fyrir haustið og veturinn.

→ Íslenska endurgreiðsluferfið hefur fengið góð viðbrögð og Norðmenn skoða nú að taka svipað kerfi upp. Gjaldeyrishöftin flækja málin.

Álverð hækkar áfram

Álverð hefur hækkað nær samfellt allt þetta ár, úr um 1.800 í um 2.050 dali á tonn, samkvæmt tölum sem IFS greining birti í gær. Þar segir líka að þrátt fyrir aukna framleiðslu í Mið-Austurlöndum og í Kína þá líti út fyrir meira jafnvægi á markaðnum en áður.

IFS greining segir að styrkleikamerki í bílaframleiðslu og umbúðaframleiðslu leiði til væntinga um aukna eftirspurn. Þetta virðist hafa bein áhrif á afkomu íslenskra fyrirtækja. Í hálfársuppgjöri HS Orku segir til að myndu að breyting á virði afleiða, sem eru framtíðarvirði orkusölusamninga sem tengjast álverði, hafi verið neikvæð um 242 milljónir króna í ár en var neikvæð um 3.950 milljónir á sama tímabili í fyrra.

-jhh

Mikil velta fyrir hluthafafund

Velta með bréf í N1 í Kauphöll Íslands nam 309 milljónum í gær, en félagið heldur hluthafafund í dag. Á fundinum verður kjörinn nýr stjórnarmaður í félagið. Tveir hafa gefið kost á sér í stjórnina, þau Jón Sigurðsson, fyrrverandi forstjóri FL Group, og Helga Björk Eiríksdóttir. Jón Sigurðsson bauð sig fram til stjórnarsetu fyrir aðalfund sem haldinn var í lok mars. Hann dró framboð sitt til baka eftir að Kauphöll Íslands gerði athugasemd við framboð hans og sagði að hlutabréf félagsins yrðu sett á athugunarlista ef hann yrði kjörinn. Í bréfi sem Jón sendi Margréti Guðmundsdóttur, stjórnarformanni N1, vegna framboðs síns sagði hann að Kauphöllin hefði staðfest við sig að hún mundi ekki gera athugasemdir við framboðið.



-jhh

Íhuga að banna bílainnflutning

Rússar undirbúa nú að vikka út innflutningsbann á vörum frá Vesturlöndum. Að sögn rússneska miðilsins Vedomosti er mögulegt að innflutningur á bílum verði næst bannaður.

Talsmaður Vladimírs Pútín Rússlandsforseta segir Rússa nú vinna að frekari aðgerðum, ákveði Vesturveldin að beita Rússum frekari viðskiptaþvingunum. Segir hann umfang innflutningsbannsins ráðast af umfangi þeirra þvingana sem Vesturveldin ákveði að beita.

-af

Tryggðu þér **besta** verðið
á Haustráðstefnu Advania

34.990 kr.

Ef þú skráir þig
fyrir 1. september

Advania heldur sína árlegu haustráðstefnu í tuttugasta sinn í Hörpu föstudaginn 12. september. Kynntu þér glæsilega dagskrá og skráðu þig á advania.is/haustradstefna



TÖKUM GAMLA PRENTARA UPP Í NÝJA EPSON PRO FYRIR 20.000 KRÓNUR!

ALLT AÐ 50% LÆGRI PRENTKOSTNAÐUR



69.990

~~VERÐ 89.990~~

29.990

~~VERÐ 49.990~~

49.990

~~VERÐ 69.990~~

EPSON

WorkForce Pro

LOSADU FYRIRTÆKIÐ VIÐ ÓHAGKVÆMA PRENTARA

Það er ekki verðið á prentaranum sem skiptir mestu máli, heldur kostnaðurinn við að reka hann. Ódýrustu prentararnir eru yfirleitt dýrastir þegar upp er staðið. Komdu með gamla og óhagkvæma prentara til okkar og leyfðu okkur að farga þeim við hátíðlega athöfn. Í staðinn færðu glænýjan Epson Workforce Pro með 20.000 króna afslætti, nýjustu tækni og getur lækkað prentkostnað um allt að 50% í samanburði við vinsæla laserprentara. Sparnaður sem getur numið hundruðum þúsunda hjá fyrirtækjum sem prenta mikið.

Nánari upplýsingar í s. 414-1710 og sala@tl.is

tl.is

**TÖLVU
LISTINN**

FYRIRTÆKJAFJÓNUSTA



FORSTJÓRINN Páll Bragason á verslunina Fálkinn í dag ásamt systkinum sínum. Afri þeirra, Ólafur Magnússon, stofnaði fyrirtækið árið 1904.

FRETTAHLAÐI/VALLI

Rekur 110 ára fjölskyldufyrirtæki

Fálkinn stendur á tímamótum í ár. Verslunin fagnar 110 ára afmæli og er eitt elsta fyrirtækið á Íslandi. Að auki fluttist starfsemi á Dalveg í Kópavogi fyrr í sumar, eftir að hafa verið í marga áratugi á Suðurlandsbraut í Reykjavík. Verslunin er þekktust fyrir að selja reiðhjól og hljómplötur. Í dag er það raf- og véltæknifyrirtæki.

VIÐTAL

Jón Hákon Halldórsson
jonhakon@frettabladid.is



Verslunin Fálkinn fagnar 110 ára afmæli sínu í ár. Fyrirtækið er eitt elsta fyrirtæki á Íslandi í dag og hefur alltaf verið rekið á sömu kennitölunni. Fálkinn hefur þróast töluvert langt frá uppruna sínum því upphaflega sinntu starfsmenn hans reiðhjólavíðgerðum. Þeir seldu reiðhjól og leigðu þau út á tímabili. Síðan hefur fyrirtækið gengið í gegnum heilmikla þróun og var umsvifamikill í neytendavörum, svo sem heimilistækjum, útivistarvörum, hljómtækjum, hljómplötum og hljómplötuútgáfu.

„Núna er fyrirtækið svo gott sem komið út úr neytendavörum og hefur þróast út í það að vera raf- og véltæknifyrirtæki,“ útskýrir Páll Bragason, forstjóri fyrirtækisins. Hann segir að fyrirtækið reki tvö meginvið sem eru kölluð rafsvið og vélarsvið. Á vélarsviðinu eru seldar legur, drifbúnaður, dælur, lokar og ýmislegt annað fyrir iðnað og bíla. Á rafsviði er seldur rafstýribúnaður, rafmagnsmótorar og annar iðnaðarrafbúnaður.

Páll segir að neytendamarkaðurinn sé kominn mjög mikið á jaðarinn, þótt almenningur kaupir bæði legur, bílavarahluti, víftur og annað þess háttar. En við erum meira miðaðir inn á atvinnurekendur,“ segir Páll og bætir við að þannig hafi reksturinn verið allt frá árinu 2000.

Í nýtt húsnæði

Árið í ár hefur verið sögulegt fyrir fleira en 110 ára afmælið, því fyrirtækið flutti í Kópavog. Starfsemi þess hafði frá upphafi verið í Reykjavík, fyrstu áratuginu á Laugavegi en síðar á Suðurlandsbraut. „Árið

2004 seldum við húsnæðið á Suðurlandsbraut með það að markmiði að fara þaðan. En við gerðum reyndar 10 ára leigusamning sem var óuppsegjanlegur í fimm ár þannig að við gátum farið að fimm árum liðnum. Svo áramótin 2006-2007 voru rúm tvö ár þangað til við gátum losnað og þá ákváðum við að það væri rétt að fara að svipast um eftir lóð. Þá fórum við að svipast um eftir lóðinni og fengum lóð síðla árs 2007. Hún var ekki byggingarhæf þá – guði sé lof. Síðan síðla árs 2008 var hún tilbúin til bygginga en þá voru breyttir tímar og ekki forsundur til þess að fara út í eitt eða neitt. Þá gerðust atburðir sem alþekktir eru, sem urðu til þess að málið snerist bara um það að halda sjó og lifa þetta af, sem reyndar tókst nú prýðilega,“ segir Páll.

Hann bætir við að árið 2008 hafi verið feikilega erfitt. „En frá 1. desember 2008 er búið að vera alveg rífandi gangur hjá okkur. Í október og nóvember 2008 vissi maður ekki hvort maður var lífs eða liðinn en klukkan átta að morgni 1. desember 2008 var, að mér liggur við að segja, fullt út úr dyrum og búin að vera blússandi sigling á okkur síðan þá. Við höfum fengið sum af bestu rekstrarárum okkar,“ segir Páll.

Hann segir að þróun fyrirtækisins eftir hrun megi þakka því að fyrirtækið selji varahluti, sjái um eftirmarkaði og rekstur fyrirtækisins hafi verið stöðugur fram að hruni. Allt þetta hafi bjargað fyrirtækinu. „Við höfðum gott orð á okkur, vorum góðir greiðendur. Við vorum sjálfsagt eitt af fáum fyrirtækjum sem hélt öllum sínum greiðslufrestum og lánalínum erlendis í hruninu. Þegar var erfitt að fá gjaldeyri, erfitt að millifæra og fyrirtæki þurftu að borga

fyrirfram þá fengum við bara lán og gátum fengið vörur eins og hver vildi. Við urðum bara nokkuð sprækir. Af því að okkar birgjar voru menn sem við vorum búnir að vera í viðskiptum við áratugum saman. Það varð til þess að við lentum í blússandi meðbyr,“ segir Páll.

Fyrir um tveimur árum var svo aftur farið að kanna möguleikann á að finna hentugra húsnæði fyrir Fálkinn. Þá var byrjað á því að athuga hvort heppilegast væri að byggja, kaupa eða taka húsnæði á leigu. Á þessum tímamarki var fyrirtækið komið á beinu brautina með reksturinn, fjárhaginn og annað eftir erfitt ár 2008.

„Við vorum að leita að húsnæði og vorum búnir að skoða á nokkrum stöðum og niðurstaðan varð sú að það borgaði sig ekki að byggja því byggingarkostnaður er meiri en verð á atvinnuhúsnæði. Þetta snerist því annaðhvort um það að kaupa eða leigja,“ segir Páll. Nokkrir möguleikar á leiguhúsnæði hafi verið skoðaðir þegar starfsmaður Fálkans hafi svo rekist á þetta húsnæði og bent Páli á það. Síðan hafi verið skrifað undir leigusamning daginn fyrir júl og mánudaginn 2. júní var svo opnað á Dalvegi.

Helmingi færri starfsmenn

Í dag er Fálkinn með 26 fastráðna starfsmenn, en þegar starfsmanna fjöldi fyrirtækisins var mestur í byrjun níunda áratugarins, voru þeir í kringum 55-60. Þá var fyrirtækið með fjölbreyttara vöruframboð en Páll bendir líka á að í gegnum tæknivæðingu hafi orðið mjög mikil fækkun á skrifstofu. „Það var hérna 1/3 starfsmanna á skrifstofu en núna er það 1/5,“ segir Páll.

Átta hundruð milljóna velta

Velta fyrirtækisins var tæplega

FENGU EKKI AÐ SKILA LÓÐINI

Páll segist hafa viljað skila lóðinni sem Reykjavík hafði úthlutað, en Reykjavíkurborg neitaði að taka lóðir til baka og vann prófmál sem þýddi að borgin þurfti ekki taka lóðir til baka. „Þannig að við sitjum uppi með þessa lóð og hún er bara til á lager einhvers staðar,“ segir Páll. Hann segir að lóðin, sem er á Lambhagavegi, nærri Bauhaus, hafi kostað tæplega 160 milljónir árið 2007 sem næði líklegast hátt í 300 milljónum miðað við verðlag í dag. „Það væri auðvitað betra að hafa þá peninga lausa í annað en sem betur fer hefur þetta ekki gert neitt út af við okkur og einhvern tímann vaknar þessi lóð til verðmæta því að það er ekkert endalaust til af byggingarlóðum í Reykjavík. Ef því er að skipta þá er mjög lítið til af spennandi byggingarlóðum ef eftirspurn vaknar að einhverju marki, sem við verðum að ætla að verði hvort sem það verður á líftíma mínum eða erfingja minna. En í bili er hún sokkin fjárfesting og við verðum bara að líta á hana sem langtímaeign,“ segir Páll.

Fyrirtæki sem fylgir breytingum

Ólafur Magnússon, stofnandi Fálkans, tók að gera við reiðhjól í hjáverkum á Skólavörðustígnum í Reykjavík. Í 100 ára sögu Fálkans, sem Viðar Pálsson ritaði, segir að eitt af því sem vafalaust hefur stuðlað að langlífi Fálkans sé að fyrirtækið hafi aldrei staðið í stað eða reynt að standa af sér breyttar aðstæður, heldur hafi það borið gæfu til þess að fylgja breytingunum, taka mið af þeim og aðlagð sig nýju umhverfi. Fjölbætt starfsemi Fálkans á síðustu hundruð árum ber vott um þetta. Reiðhjólaverkstæði í gamla miðbænum þróaðist í fyrirtæki sem auk hjólreiðastarfsmanna flutti inn skellinöðrur og bíla, vann brautryðjendastarf í plötuútgáfu á Íslandi, seldi landsmönnum grammófóna, frystikistur, ryksugur og sjónvörp, bændum mjaltavélar og vélareigendum keðjur, legur og tannhjól, seldi útivistarfólki skíði í einu horninu, fiskiðnaðinum mjölpresur í öðru og sveitarfélögum skolphreinsibúnað í því þriðja, og er þá fátt eitt nefnt.

800 milljónir króna í fyrra. Páll gerir ráð fyrir að það verði fimm prósent aukning milli ára þannig að veltan fari yfir 800 milljónir í ár. „Veltan hefur aukist ár frá ári frá hruni. Við höfum verið að sjá allt upp í 10% vöxt á ári. Eftir fyrirtækið hafi ekki verið með 600 milljóna króna veltu árið 2008 og veltan hefur því aukist um þriðjung í krónum,“ segir Páll. Þetta þýði að fyrirtækið sé ekki búið að ná þeirri raunsölu sem var fyrir hrun en þar muni mestu um að áður hafi verið selt talsvert mikið í nýframkvæmdir og verk. „Það er það sem vantar á það sem var fyrir hrun. Það eru fjárfestingaverkefni,“ segir Páll.

Páll segir að rekstrarskilyrði fyrir þau viðskipti sem Fálkinn er í hafi verið nokkuð góð og hann sér það fyrir sér að þau verði nokkuð góð á næstu árum. „Meginmarkhópar Fálkans eru iðnaður, fiskveiðar, fiskvinnsla, landbúnaður, samgöngur og verklegar framkvæmdir reyndar líka. Þannig að meginmarkhópar Fálkans eru útflutningsatvinnuvegir. Þeir standa mjög vel. Þetta er fyrirtækin sem ganga best á Íslandi núna,“ segir Páll. Á meðan raungengi krónunnar sé svona tiltölulega lágt miðað við það sem var þá muni þessir útflutningsatvinnuvegir gera það gott og vera góðir greiðendur.

TILBOÐSDAGAR



BÍLALANDS

NÚ ERU TILBOÐSDAGAR HJÁ BÍLALANDI OG FJÖLDI BÍLA Á EINSTÖKUM KJÖRUM!
KOMDU STRAX Í DAG OG TRYGGÐU ÞÉR EINTAK - OPIÐ FRÁ KL. 09-18.



NISSAN QASHQAI SE
Nýskr. 06/13, ekinn 35 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
Verð áður: 4.990 þús. kr.

TILBOÐ 4.440 þús. kr.
Staðsetning: Akranes - Rnr. 120341



LEXUS GS300
Nýskr. 02/08, ekinn 62 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
Verð áður: 3.890 þús. kr.

TILBOÐ 2.990 þús. kr.
Staðsetning: Klettháls - Rnr. 130761



TOYOTA COROLLA TERRA
Nýskr. 10/07, ekinn 152 þús. km.
bensín, 5 girar.
Verð áður: 1.390 þús. kr.

TILBOÐ 1.090 þús. kr.
Staðsetning: Klettháls - Rnr. 191482



KIA SORENTO LUXURY
Nýskr. 06/05, ekinn 162 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
Verð áður: 2.290 þús. kr.

TILBOÐ 1.290 þús. kr.
Staðsetning: Kaupþún - Rnr. 141850



NISSAN PATHFINDER SE
Nýskr. 06/08, ekinn 119 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
Verð áður: 4.100 þús. kr.

TILBOÐ 2.990 þús. kr.
Staðsetning: Klettháls - Rnr. 281666



BMW X5
Nýskr. 05/06, ekinn 126 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
Verð áður: 3.420 þús. kr.

TILBOÐ 2.490 þús. kr.
Staðsetning: Klettháls - Rnr. 191177



RENAULT MEGANE SP. TOURER
Nýskr. 05/11, ekinn 62 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
Verð áður: 2.890 þús. kr.

TILBOÐ 2.390 þús. kr.
Staðsetning: Klettháls - Rnr. 120336



NISSAN NOTE VISIA
Nýskr. 07/10, ekinn 98 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
Verð áður: 1.790 þús. kr.

TILBOÐ 1.480 þús. kr.
Staðsetning: Klettháls - Rnr. 281117



SUBARU FORESTER X
Nýskr. 07/10, ekinn 84 þús. km.
bensín, 5 girar.
Verð áður: 2.990 þús. kr.

TILBOÐ 2.390 þús. kr.
Staðsetning: Klettháls - Rnr. 281668



HYUNDAI ix35
Nýskr. 04/11, ekinn 118 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
Verð áður: 3.390 þús. kr.

TILBOÐ 2.790 þús. kr.
Staðsetning: Kaupþún - Rnr. 310098



OPEL ASTRA ENJOY
Nýskr. 09/04, ekinn 97 þús. km.
bensín, 5 girar.
Verð áður: 850 þús. kr.

TILBOÐ 590 þús. kr.
Staðsetning: Klettháls - Rnr. 131193



RANGE ROVER SPORT HSE V8
Nýskr. 09/08, ekinn 91 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
Verð áður: 8.490 þús. kr.

TILBOÐ 6.990 þús. kr.
Staðsetning: Klettháls - Rnr. 281592



SUBARU LEGACY SPORT SEDAN
Nýskr. 05/10, ekinn 97 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
Verð áður: 2.990 þús. kr.

TILBOÐ 1.990 þús. kr.
Staðsetning: Klettháls - Rnr. 280899



RENAULT MEGANE RS TURBO
Nýskr. 06/09, ekinn 40 þús. km.
bensín, 6 girar.
Verð áður: 2.880 þús. kr.

TILBOÐ 1.990 þús. kr.
Staðsetning: Klettháls - Rnr. 141709



AUDI A3 SPORTBACK
Nýskr. 01/06, ekinn 118 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
Verð áður: 2.090 þús. kr.

TILBOÐ 1.390 þús. kr.
Staðsetning: Klettháls - Rnr. 281295



MERCEDES BENZ C180
Nýskr. 09/06, ekinn 124 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
Verð áður: 2.190 þús. kr.

TILBOÐ 1.290 þús. kr.
Staðsetning: Kaupþún - Rnr. 281471



NISSAN PATHFINDER LE IT
Nýskr. 12/07, ekinn 151 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
Verð áður: 4.440 þús. kr.

TILBOÐ 2.990 þús. kr.
Staðsetning: Klettháls - Rnr. 141951



LEXUS RX350
Nýskr. 03/07, ekinn 110 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
Verð áður: 3.490 þús. kr.

TILBOÐ 2.690 þús. kr.
Staðsetning: Klettháls - Rnr. 320180



INFINITI QX56
Nýskr. 01/05, ekinn 110 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
Verð áður: 3.390 þús. kr.

TILBOÐ 2.490 þús. kr.
Staðsetning: Klettháls - Rnr. 320139



NISSAN MAXIMA QX
Nýskr. 11/02, ekinn 179 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
Verð áður: 950 þús. kr.

TILBOÐ 390 þús. kr.
Staðsetning: Klettháls - Rnr. 281733

Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík og Hyundai notaðir bílar - Kaupþúni 1 - 210 Garðabæ
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is

Opið frá kl. 09-18 og
á laugardögum frá kl. 12-16.



www.facebook.com/bilaland.is

bilaland



FRIÐRÍÐI/STYLVINGUR



ÞAÐ SEM ÁÐUR VAR Árið 2012 unnu Íslensk framleiðslufyrirtæki við mörg stór verkefni og þar á meðal kvikmyndirnar Noah og Oblivion og þættina Game of Thrones.

Lítið um stórar Hollywood-sprengjur

Verkefnum vegna komu erlendra kvikmyndavera hingað til lands hefur fækkað miðað við 2012 og 2013. Íslensk framleiðslufyrirtæki á borð við Pegasus og TrueNorth vinna í auknum mæli við gerð erlendra sjónvarpsþátta. Nýir þættir Netflix fara í tókur í lok mánaðarins. Endurgreiðslukerfið hefur fengið góð viðbrögð en höftin flækja málin.

SKAPANDI GREINAR

Haraldur Guðmundsson
haraldur@frettabladid.is



„Það hefur ekki verið jafn mikið af stórum verkefnum í ár eins og 2012 þegar hingað komu jafn mörg kvikmyndaver og Norðurlöndin höfðu þá séð yfir nokkur ár á undan. Árið verður þó að teljast ágætt miðað við þau verkefni sem eru í skoðun fyrir haustið og veturinn,“ segir Einar Hansen Tómasson, verkefnisstjóri hjá Íslandsstofu.

Einar fer fyrir verkefninu Film in Iceland sem hefur það markmið að kynna Ísland sem ákjósanlegan tókustað fyrir framleiðendum erlendra kvikmynda- og sjónvarpsþátta og lög um tuttugu prósentu endurgreiðslu af framleiðslukostnaði vegna kvikmynda-gerðar á Íslandi. Endurgreiðslan er að sögn Einars mikilvægur þáttur í að laða hingað erlend kvikmyndaver en hann bendir einnig á aðra áhrifaþætti.

„Það sem skiptir öllu máli er að fyrirtækin sem þjónusta kvikmyndaverin hér geri það vel. Það

hafa þau gert hingað til enda hafa þessir aðilar komið aftur og aftur. Varðandi endurgreiðsluna þá er mikilvægt að hún sé unnin fljótt og örugglega. Þá eru þessir erlendu framleiðendur hamingjusamir því þetta snýst allt um að vera ekki með peningana í biðstöðu,“ segir Einar.

Hann segir íslensk framleiðslufyrirtæki, á borð við Pegasus, Sagafilm og TrueNorth, hafa stofnað einkahlutafélög utan um þau verkefni þar sem óskað er eftir endurgreiðslu.

„Þegar kvikmyndin Oblivion var tekin upp hér á landi var stofnað sérstakt fyrirtæki í kringum þá framleiðslu. Þá er allur rekstur keyrður í gegnum fyrirtækið og það svo gert upp þegar verkefninu lýkur og fyrirtækinu er lokað.“

Norðmenn skoða íslenska kerfið

Einar segir framleiðslufyrirtækin hér á landi hafa séð meira af verkefnum frá Evrópu á þessu ári en oft áður.

„Hingað hafa komið verkefni frá Bretlandi, Noregi, Þýskalandi og Danmörku. Það er jákvæð

þróun að það sé ekki bara að koma frá Bandaríkjunum,“ segir Einar og bætir við að Ísland sé miðpunkturinn í nýrri þýskri sjónvarpsmynd sem var tekin upp hér í sumar.

„En þetta er kvikur bransi. Þú getur aldrei stólað á neitt fyrr en menn eru mættir á tókustað. Það sem skiptir öllu máli er að umhverfið sé gott fyrir þessa aðila og að það sé hagkvæmt að koma til Íslands. Þetta snýst um traust. Þessi erlendu verkefni eru auðvitað gríðarlega mikilvæg því þetta er það sem veitir íslenskum kvikmyndagerðarmönnum verkefni á milli þeirra íslensku,“ segir Einar.

Hann segir samkeppnina um athygli erlendra stórfyrirtækja á borð við Warner Bros. og Twentieth Century Fox fara harðnandi. Önnur lönd hafi þegar ákveðið að endurgreiða meira en 20 prósent.

„Nú eru Norðmenn að íhuga það alvarlega að taka upp endurgreiðslu sem verði byggð á okkar kerfi. Ég hef fengið fjölmörg símtöl frá aðilum í Noregi sem eru áhugasamir um íslenska kerfið og menningarmálaráðherrann

þar hefur talað um að hann vilji setja svona kerfi af stað. Það er því mjög mikilvægt að stjórnvöld séu á tánum hvað þetta varðar.“

Gjaldeyrishöftin flækja málin

Fjölmíðlar greindu nýverið frá því að leikstjórnarnir og systkinin Andy og Lana Wachowski, sem eru þekktust fyrir Matrix-þríleikinn, hefðu valið Ísland sem einn af tókustöðum nýrrar tíu þátta sjónvarpsseríu Netflix sem mun heita Sense8. Tökur hér eiga samkvæmt heimildum að hefjast í lok þessa mánaðar og standa til 6. september. TrueNorth mun sjá um tókur á þeim hluta þáttanna sem gerist hér á landi.

„Sumarið hefur meira og minna farið í undirbúning fyrir þessa þætti. Við unnum við annað verkefni systkinanna, kvikmyndina Jupiter Ascending, á síðasta ári. Þau voru svo hrifin af því myndefni sem þau fengu að þau ákváðu að skrifa Ísland inn í þættina,“ segir Helga Margrét Reykdal, framkvæmdastjóri TrueNorth.

Árið 2012 kom fyrirtækið að gerð fjögurra stórmynda frá Hollywood; Noah, The Secret Life

En þetta er kvikur bransi. Þú getur aldrei stólað á neitt fyrr en menn eru mættir á tókustað.



Einar H. Tómasson
verkefnisstjóri hjá Íslandsstofu

of Walter Mitty, Oblivion og Thor: The Dark World.

„Það var náttúrulega einstakt og ég á ekki von á öðru eins ári hérna aftur. Það þykir gott ef öll framleiðslufyrirtækin eru með svo mikið samanlagt. En útlitið fyrir þetta ár er ágætt. Það eru ýmsir að spá og spekulera og maður vonar alltaf það besta,“ segir Helga.

Hún segir gjaldeyrishöftin og flækjustig sem þeim fylgi stærstu áskoranirnar í rekstrinum.

„Í fyrsta lagi eru útlendingar

ennþá smeykir við að koma með peninga til landsins því þeir vilja ekki sitja fastir með þá hér út af höftunum. Í öðru lagi tekur alltof langan tíma að koma peningum aftur út í þeim tilvikum þar sem kvikmyndaverin hafa viljað vera örugg og sent okkur meiri pening en framleiðslan kostaði á endanum. Þá situr eftir aukapeningur hér sem þarf að rata aftur til síns heima.“

Helga segir samskiptin við Seðlabankann vegna þessa hafa verið tímafrek enda sé regluverkið þungt. „En bankinn er auðvitað bara að fylgja regluverkinu. En það gerir það að verkum að þetta er alltof hægt. Þetta flækjustig gerir það að verkum að menn eru hikandi við að senda peninga til landsins.“

Spurð hvort hún þekki dæmi um að erlend kvikmyndaver hafi hætt við að koma hingað til lands vegna haftanna segir Helga að erfitt sé að segja til um það.

„Maður veit ekki alltaf af hverju verkefni rata ekki hingað til lands.“

Rólegt sumar hjá Sagafilm

„Þetta sumar hefur verið rólegra en sumarið í fyrra en við erum búin að taka upp þrjá Travel Channel-þætti og það er ýmislegt í pípunum,“ segir Árni Björn Helgason, framkvæmdastjóri erlendra verkefna hjá Sagafilm. Hann bendir á að fyrirtækið sé bundið trúnaði varðandi þau verkefni sem eru í skoðun. Fyrirtækið býst hins vegar við að fá einhver erlend verkefni í haust og vetur.

„Þessar tvær sprengjur sem við sáum 2012 og 2013 voru að mínu mati frávik frá því sem við eigum að þekkja. TrueNorth átti 2012 og

ég myndi segja að við höfum átt seinna sumarið með myndum eins og Interstellar og Pawn Sacrifice. Núna í sumar var ágætt að gera hjá Pegasus og ég tel að þetta sé árið þeirra,“ segir Árni og heldur áfram:

„En ég vona að það sé kominn stöðugleiki í þetta og að það verði meira að gera jafnt og þétt yfir árið. Að það komi ekki svona rísa sprengjur sem bókstaflega valta yfir okkur.“

Starfsmenn Sagafilm unnu við þrjár erlendar kvikmyndir á síðasta ári. Stórmyndin Interstellar, í leikstjórn Christopher Nolan, var tekin upp haustið 2013 og hingað komu einnig tókulið til að skjóta Pawn Sacrifice, þar sem Tobey Maguire leikur skákmeistarann og Íslandsvinninn Bobby Fischer, og hryllingsgamanmyndina Dead Snow 2: Red vs. Dead.

Árni bendir, eins og Einar hjá Íslandsstofu, á að verkefni sem Sagafilm og önnur framleiðslufyrirtæki eltast við eru aldrei í höfn fyrr en starfsmenn erlendu fyrirtækjanna lenda á Keflavíkurlflugvelli.

„Þegar James Bond-myndin Die Another Day var tekin upp hérna þá var Fjallsárlónið ekki frosið viku áður en tókur áttu að hefjast. Þá var strax farið í að skoða aðra staði í öðrum löndum.“

Árni segir endurgreiðsluferfið hér almennt fá góð viðbrögð frá stjórnendum kvikmyndavera og þá sérstaklega vegna þess hversu gagnsætt og einfalt það sé.

„Aftur á móti má alltaf bæta kerfið. Við erum við að keppa við staði sem eru með 25 prósent og alls konar aðra hvata.“

„Í fyrsta lagi eru útlendingar ennþá smeykir við að koma með peninga til landsins því þeir vilja ekki sitja fastir með þá hér út af höftunum.“




Helga M. Reykdal
framkvæmdastjóri TrueNorth

Unnu við Fortitude og Halo

Pegasus kom í sumar að gerð bandarísku kvikmyndarinnar Halo: Nightfall, sem er framleidd af Scott Free Productions, framleiðslufyrirtæki leikstjórans Ridley Scott. Fyrirtækið hélt einnig utan um tókur breska sjónvarpsrisans Sky á þáttunum Fortitude. Þættirnir voru teknir upp í Fjarðabyggð og með aðalhlutverk fara þeir Stanley Tucci og Michael Gambon.

„Hjá okkur var sprengja þetta árið. Við vorum með Fortitude-verkefnið frá janúar til júní. Svo tók Halo við með tókum á stöðum í um klukkutíma radíus frá Reykjavík. Svo eru verkefni í skoðun sem ég get ekki talað um,“ segir Lilja Ósk Snorradóttir, framkvæmdastjóri Pegasus.

„Þetta sveiflast til og frá eftir fyrirtækjum. En það kom kannski enginn Tom Cruise til landsins í ár. Veturinn lítur ágætlega út þó það sé ekkert staðfest ennþá,“ segir Lilja.



KVIKMYNDIR OG ÞÆTTIR SEM VORU TEKNIR UPP HÉR

BÍÓMYNDIR

Tree of Life 2010
Sherlock Holmes: A Game of Shadows 2010
Prometheus 2011
Fifth Estate 2011
After Earth 2011
Thor: The Dark World 2012
Oblivion 2012
The Secret Life of Walter Mitty 2012
Star Trek: Into Darkness 2012

Noah

Transformers: Age of Extinction 2013
Interstellar 2013
Jupiter Ascending 2013
Dead Snow: Red vs. Dead 2013
SJÓNVARPSPÆTTIR
Game of Thrones 2011-2014
Fortitude 2014
Sense8 2014
Halo: Nightfall 2014

FÆRRI VERKEFNI TENGD GAME OF THRONES

Komið hefur fram að framleiðendur Game of Thrones hafa ákveðið að taka eingöngu upp svokallaðar bakgrunnstökur hér á landi í vetur. Tökulið bandarísku sjónvarpsstöðvarinnar HBO hafa notað íslenskt landslag í þremur af fjórum þáttaröðum. Ástæðuna má að sögn Einars H. Tómassonar hjá Íslandsstofu rekja til þess að tókurnar fyrir fimmtu þáttaröðina krefjast meiri dagsbirtu og því hafi Ísland ekki verið ákjósanlegur töku- staður.

„Þetta verður minna í sniðum í vetur en áður,“ segir Lilja Ósk hjá Pegasus.

„Hluti af fjórðu seríunni var tekinn upp hér á landi í fyrra og þá fóru tókur meðal annars fram við Stekkjagjá á Þingvöllum, á Hengilssvæðinu og í Þjórsárdal.“

Prófaðu
áskrift
frítt
í 30 daga!
-engin skuldbinding!



 **Tónlist.is**

Hlustaðu hvar og hvenær sem er  þú getur hlustað í tölvunni, símanum, spjaldtölvunni og í græjunum.

Byrjaði hjá bílaleigunni fyrir 37 árum

Bergþór Karlsson, framkvæmdastjóri Bílaleigu Akureyrar, var fjórtán ára gamall þegar hann hóf að vinna hjá fyrirtækinu við að dæla bensíni og þrifa bíla. Hann segir sumarið hafa gengið vel og bókanir í takt við áætlanir.

SVIPMYND

Haraldur Guðmundsson
haraldur@frettabladid.is

„Ég byrjaði að vinna hjá fyrirtækinu fjórtán ára gamall árið 1977 og þekki því ekkert annað en þetta,“ segir Bergþór Karlsson, framkvæmdastjóri og einn af eigendum Bílaleigu Akureyrar.

Hann og nokkrir aðrir lykilstarfsmenn fyrirtækisins keyptu Höld ehf., sem rekur Bílaleigu Akureyrar, árið 2003. Fyrirtækið er með um 3.000 bíla í rekstri og 200 manns í vinnu yfir sumartímenn.

„Ég byrjaði á sínum tíma á því að dæla bensíni og svoleiðis norður á Akureyri og þrifa bíla í Reykjavík um helgar. Þá var túristabransinn í borginni svo lítil að aðalbusinessinn um helgar snérist í kringum leigufug frá Þýskalandi og eitthvað svoleiðis. Þá var mikið að gera í þrjá daga og svo biðu menn eftir næstu helgi,“ segir Bergþór.

Hann lauk stúdentsprófi frá frumgreina- og raungreinadeild Iðnskólans á Akureyri árið 1980 og lærði síðan til stúdentsprófs í Fjölbrot í Breiðholti árið 1983. Hann hefur einnig setið ýmis endurmenntunarnámskeið sem tengjast starfinu.

„Mín þekking og kunnátta byggist mikið á samskiptum mínum við fyrrverandi eigendur fyrirtækisins, þá Vilhelm, Birgi, Skúla og Baldur Ágústssyni sem áttu fyrirtækið og voru kallaðir Kennedy-bræðurnir. Ég lærði mikið af þeim.“

Bergþór segir sumarið hafa gengið vel og bókanir vera í takt við áætlanir. Á næstu mánuðum þurfa starfsmenn fyrirtækisins að koma um þriðjungi flotans í sölu og fleiri hundruð bílum í geymslu.

„Við verðum að því fram í október og það er mikil vinna framundan í sölu á bílum og markaðsstarfi fyrir næsta ár. Svo þurfum

við að endurnýja flotann fyrir næsta ár en það þarf að taka endanlega ákvörðun um endurnýjun hans í síðasta lagi í byrjun desember,“ segir Bergþór. Hann bætir við að fyrirtækið selji á hverju ári um 800-1.000 notaða fólksbíla og kaupi annað eins af nýjum bílum. Á síðasta ári keypti Bílaleiga Akureyrar um fjórtán prósent af heildarsölu nýrra fólksbíla.

„Það er svolítið fönður að þurfa að ákveða og skuldbinda sig fyrir áramót þegar maður veit ekki hvað á eftir að gerast varðandi hluti eins og verkföll, eldgos eða yfirhöfuð hvernig gengur að selja landið. Maður verður bara að ganga út frá því að þetta gangi allt vel,“ segir Bergþór.

Spurður um áhugamál nefnir Bergþór bæði golf og ferðalög. Einnig nefnir hann fjölskylduna en hann er giftur Báru Kristjánsdóttir ljósmyndara. Þau eiga tvær dætur og eitt barnabarn.

„Ég byrjaði í golfi sem krakki. Það hentar þó ekki alltaf þessari vinnu sem snýst mikið um bissan á sumrin. Golfið er skemmtilegt og svo reynir maður að fara norður á skíði á veturna og til útlanda að elta sólina.“



Í BÍLSTJÓRASÆTINU Bergþór Karlsson stýrir daglegum rekstri Bílaleigu Akureyrar og situr einnig í stjórn Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF).

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hummar þegar álagið er ansi mikið



„Beggi er búinn að vinna hjá Bílaleigu Akureyrar í um það bil 37 ár, og er þó bara rétt liðlega fimmtugur. Hann var rétt um fermingu þegar hann hóf störf hjá fyrirtækinu og er tvímælaust mesti reynsluboltinn í bransanum í dag enda marga fjöruna sopið á þessum árum og hann á klárlega mikinn þátt í því fyrirtæki sem Höldur er orðinn í dag. Það er frábært að vinna með Begga, hann er afskaplega ljúfur og þægilegur í umgengni, og heldur ró sinni sama á hverju gengur. Það er helst að maður merki stress hjá kappanum þegar hann fer að humma nokkuð hátt og lengi, þá er álagið orðið ansi mikið. Við höfum unnið afar náið saman í um 25 ár og aldrei hefur borið skugga á það samstarf né okkur orðið sundurorða, sem segir allt um kallinn.“

Steingrímur Birgisson, forstjóri Hölds ehf. – Bílaleigu Akureyrar.



„Bergþór hefur í mörg ár verið einn af virkustu félagsmönnum Samtaka ferðaþjónustunnar bæði sem stjórnarmaður og formaður bílaleigunefndar. Hann hefur verið öflugur talsmaður bílaleiganna og átt ríkan þátt í þeirri geysihróðu þróun sem verið hefur í þeirri grein. Innan stjórnar hefur hann ennfremur verið áhugasamur og dugmikill við að vinna að fjölbreyttum málum sem varða ferðaþjónustuna í heild en verkefni hafa verið

óþrjótandi og þá er gott að hafa traust fólk sem hefur góða þekkingu á greininni. Auk þess er Beggi skemmtilegur og góður félagi sem gaman er að umgangast.“

Erna Hauksdóttir, fyrrverandi framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF).



VERÐLAUNAGRIPURINN Eignir í stýringu MP banka ná yfir helstu eignaflokka hérlendis sem og á alþjóðlegum fjármálamörkuðum.

MP banki hlýtur viðurkenningu fjármálatímaritsins World Finance:

Verðlaunaður fyrir eignastýringu sína

MP banki hefur hlotið viðurkenningu breska fjármálatímaritsins World Finance fyrir að vera fremstur í flokki á sviði eignastýringar hér á landi árið 2014.

Í tilkynningu MP banka um viðurkenninguna segir að eignastýring fyrirtækisins sé með ríflega 80 milljarða króna í stýringu. Hún samanstandi af eignastýringarsviði bankans, Fasteignasjóði Íslands, MP Baltic Pension og rekstrarfélaginu Júpter.

Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri eignastýringar

bankans, segir hana hafa verið eina af meginstöðum MP banka allt frá stofnun hans árið 1999.

„Verðlaunin eru okkur öllum hvatning til að halda áfram á sömu braut,“ segir Sigurður.

World Finance útnefnir árlega fyrirtæki fyrir framúrskarandi árangur. Meðal þeirra sem hlutu sömu viðurkenningu þetta árið eru Swedbank Robur í Svíþjóð, ATP Private Equity Partners í Danmörku og alþjóðlega eignastýringarfyrirtækið T. Rowe Price í Bandaríkjunum.

Landsvirkjun tilnefnd til verðlauna fyrir bestu rafrænu ársskýrsluna:

Landsvirkjun keppir við alþjóðlega risa

Rafræn ársskýrsla Landsvirkjunar hefur verið tilnefnd til verðlauna í hinni alþjóðlegu Digital Communication Awards-keppni í flokki rafrænna ársskýrslna. Þetta er í fyrsta sinn sem íslenskt fyrirtæki er tilnefnt til verðlaunanna. Ársskýrsla Landsvirkjunar er tilnefnd ásamt ársskýrslum fjögurra stórfyrirtækja, en þau eru efna- vöru- og málningarframleiðandinn Akzo Nobel, sem er með fimmtíu þúsund starfsmenn í 80 löndum, bifreiðaf framleiðandinn Fiat, sem framleiðir Ferrari, Maserati, Alfa

Romeo og Fiat, breska olíu- og gasfélagið BG Group og svissneski bankinn Basellandschaftliche Kantonbank.

„Tilnefningin er mikil viðurkenning fyrir Landsvirkjun og viðleitni okkar til að auka skilning og sýnileika á stefnu og starfsemi fyrirtækisins með auknu gegnsæi í rekstrinum, opnum samskiptum og virkri upplýsingamiðlun til hagsmunaaðila og almennings,“ segir Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar.

-jhh



STOLTUR FORSTJÓRI Hörður Arnarson segir að tilnefningin sé mikil viðurkenning fyrir Landsvirkjun. Hún auki skilning og sýnileika á stefnu og starfsemi fyrirtækisins.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Umsóknarfrestur að renna út:

52 þúsund umsóknir

Fimmtíu og tvö þúsund umsóknir hafa borist um lækkun höfuðstóls húsnæðislána en í dag er tæpur hálfur mánuður þar til umsóknarfrestur rennur út. Umsækjendur getu farið að sjá lækkun afborgana lána í október eða nóvember. Umfangsmesta aðgerð sem ríkisstjórnin hefur gripið til eru aðgerðir til lækkunar höfuðstóls húsnæðissskuldna, en áætlað er að á næstu þremur árum leggi ríkissjóður til 80 milljarða króna í þeim tilgangi. Frestur til að sækja um lækkun höfuðstóls rennur út hinn 1. september eða eftir hálfan mánuð.

-hmp

Breytingar á eigendahóp ÍL:

Tveir fara í önnur störf

Haukur Örn Birgisson hrl. og Eggert Páll Ólason hdl. hafa tekið yfir rekstur Íslensku lögfræðistofunnar (ÍL). Haukur Örn er hæstaréttarlögmaður og stofnaði ÍL árið 2008 ásamt Einari Huga Bjarnasyni og Jóhanni Hafstein, sem nú hafa yfirgefið eigendahópinn. Eggert Páll gekk til liðs við lögfræðistofuna sem einn af eigendum árið 2012. Hann starfaði áður sem yfirlögfræðingur skilaneftdar Landsbanka Íslands hf. Í tilkynningu frá Íslensku lögfræðistofunni segir að stofan hafi frá stofnun sinni almennri lögfræðiráðgjöf og hagsmunagæslu fyrir einstaklinga, fyrirtæki, stofnanir og erlenda aðila.

-jhh



Hamskiptin

eftir Franz Kafka í leikgerð Vesturports



The Australian Stage



Time Out Hong Kong



The Guardian



Sunday Express



Daily Mail



Daily Telegraph



What's On Stage

„Snilldarverk“

New York Times

Rómuð sýning Vesturports
snýr aftur eftir sigurgöngu
um heiminn.

Sýnt frá 17. september.
Aðeins 9 sýningar.

Tryggðu þér leikhúskort!





SentrySafe T6-331

64,6 lítra, 47 kg
Innanmál: 56,9 x 38,4 x 29,5 cm
Utanmál: 60,7 x 39 x 47 cm
Verð: 36.395 kr.



SentrySafe T8-331

123,6 lítra, 70 kg
Innanmál 66 x 52 x 35,9 cm
Utanmál 70,4 x 55,1 x 50,2 cm
Verð: 56.475 kr.



SentrySafe T0-331

173,6 lítra, 109 kg
Innanmál: 92,8 x 52 x 35,9 cm
Utanmál: 95,8 x 55,1 x 50,2 cm
Verð: 64.005 kr.



SentrySafe TC8-331

123,6 lítra, 70 kg
Eldtraustur
Innanmál: 66 x 52 x 35,9 cm
Utanmál: 70,4 x 55,1 x 50,2 cm
Verð: 65.888 kr.



SentrySafe EF3428E

Forstjóraskápur, 96 Lítra, 74 kg
Eldtraustur 30 mín 1400°
Vatnsheldur
Hæð: 70 cm
Verð: 75.237 kr.



SentrySafe EF4738E

Forstjóraskápur, 133 Lítra, 99 kg
Eldtraustur 30 mín 1400°
Vatnsheldur
Hæð: 96 cm
Verð: 82.830 kr.



SentrySafe X055

Lítill með takkalás
16,4 lítra
Verð: 12.425 kr.



SentrySafe X075

Hentar t.d. fartölvu
Takalás
24 lítra
Verð: 16.943 kr.



SentrySafe X0105

Hentar t.d. fartölvu ofl.
Takalás
28 lítra
Verð: 21.649 kr.



SentrySafe X125

Takalás
34 lítra
Verð: 24.943 kr.

Vel geymt á vísu stað

SentrySafe verðmætaskáparnir frá Vélum og verkfærum eru fyrir heimili og fyrirtæki til að geyma það sem alls ekki má glatast eða koma fyrir sjónir óviðkomandi. SentrySafe verðmætaskáparnir eru bandarísk gæðavara sem hafa verið framleiddir í áratugi. Skáparnir veita mismikla vörn og eru til í ýmsum stærðum eftir þörfum.



VÉLAR & VERKFÆRI

Skútuvogi 1c 104 Reykjavík Sími 550 8500 Fax 550 8510 www.vv.is

450 MILLJÓNA TAP

Batnandi afkoma Farice

Farice, sem á og rekur sæstrengi á milli Íslands og Evrópu, tapaði 2,9 milljónum evra, að jafngildi um 450 milljóna króna, á fyrstu sex mánuðum ársins. Tapið var 1,6 milljónum evra, um 248 milljónum króna, minna en á sama tímabili í fyrra.

Í fréttatilkynningu um árs hlutauppgjörið segir að rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA) hafi aukist um 10,4 prósent frá fyrsta ársfjórðungi 2013 og numið 3,6 milljónum evra. Tekjur námu 6,6 milljónum evra og heildarkostnaður jókst um 6,6 prósent. Afskriftir námu 3,7 milljónum evra.

15.8.2014 „Í skipunarbréfi sínu vekur ráðherrann athygli á því að hafin er vinna við heildarendurskoðun laga um Seðlabanka Íslands. Eins og áður hefur komið fram tel ég fulla þörf á þeirri endurskoðun. Seðlabanki Íslands hefur lagt því verkefni það lið sem hann getur og eftir hefur verið leitað. Endurskoðunin mun að mínu mati kalla á einhverjar breytingar varðandi stjórnskipun bankans.“

Már Guðmundsson seðlabankastjóri.



27 MILLJARÐAR Í NÝ SKIP

Mestur þunginn árið 2016

Útgerðarfirmir hér á landi hafa kynnt að fiskiskip fyrir um 27 milljarða króna verða smíðuð á næstu árum. Fjárfesting á þessu ári verður að minnsta kosti á áttunda milljarð króna, samkvæmt nýrri Hagsjá Landsbanka Íslands.

„Mestur þunginn í fjárfestingunni liggur á árinu 2016 þegar ráð-gert er að átta nýir ísfisktogar bætis við flotann,“ segir í Hagsjánni. Þar er meðal annars rífað upp að HB Grandi, stærsta sjávarútvegsfyrirtæki landsins, hefur samið um smíði á alls fimm skipum sem afhent verða á næstu árum og kosta samtals 14 milljarða króna.



LÁRA JÓHANNSDÓTTIR
NÝDOKTOR VIÐ VIÐSKIPTAFRÆÐIÐEILD HÍ

Stjórnarhættir fyrirtækja

Efnahagshrunið hefur ýtt undir þá kröfu að fyrirtæki ástundi góða stjórnarhætti (e. corporate governance). Gefnar hafa verið út leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja á vegum Viðskiptaráðs Íslands, Samtaka atvinnulífsins og NASDAQ OMX Iceland, en 4. útgáfa kom út árið 2012. Leiðbeiningarnar eiga að gagnast öllum fyrirtækjum, þó svo að skráð félög, fjármálfyrirtæki, váttryggingafélög og lífeyrissjóðir eigi að vera leiðandi í innleiðingu þeirra. Góðir stjórnarhættir byggjast m.a. á því að hlutverk og ábyrgð stjórnenda sé skýr, því það auðveldar þeim að rækja störfin af alúð á sama tíma og hagur helstu hagsmunaaðila er tryggður.

Býðst að gangast undir mat

Til að auðvelda stjórnendum að rækja störf sín gefur KPMG út Handbók stjórnarmanna, auk þess að gera kannanir á meðal þeirra og gera úttektir á stjórnarháttum fyrirtækja. Eftirfylgni varðandi góða stjórnarhætti er í höndum Viðskiptaráðs Íslands, Samtaka atvinnulífsins, NASDAQ OMX Iceland og Rannsóknarmiðstöðvar um stjórnarhætti við Háskóla Íslands. Fyrirtækjum býðst að undirgangast formlegt mat á starfsháttum stjórnar og stjórnenda. Matið fer fram á vegum Rannsóknarmiðstöðvarinnar. Fyrirtæki sem standast matið geta kallað sig Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum.

Í stað þess að fjalla um góða stjórnarhætti út af fyrir sig þá er víða erlendis fjallað um umhverfismál, samfélagsmál og stjórnarhætti (e. environmental, social and governance – ESG í styttingu) undir sama hattinum, en þessi samtvinnun er nátengd áherslum á sjálfbærni sem felur í sér jafnvægi á milli efnahagslegra, umhverfislegra og samfélagslegra þátta en sjálfbær þróun er forsenda hagsældar til lengri tíma lítið. Í desember 2013 samþykkti Evrópuþingið, sem fer með lög-gjafarvald í Evrópusambandinu ásamt ráðherraráðinu, ESG-löggjöf sem lýtur að stórum skráðum fyrirtækjum, sem og óskráðum fyrirtækjum, til að mynda bönkum og váttryggingafélögum. Um er að ræða viðbætur við bókhaldstil-skípunina (Directive 2013/34/EU). Þess verður krafist að umræddir aðilar birti upplýsingar í ársskýrslum um mál-efni er lúta að starfsfólki, umhverfis- og samfélagsmálum en ekki bara upplýsingar um fjárhagslega afkomu.

Víkka þarf út leiðbeiningar

Þegar kemur að endurskoðun á næstu leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja, sem og úttektum sem eiga sér stað í kjölfarið, er ekki eðlilegt að taka mið af þróun sem á sér stað í löndunum í kringum okkur? Það þýðir að víkka þarf út leiðbeiningar um stjórnarhætti þannig að þær taki einnig á umhverfis- og samfélagslegum þáttum þar sem fyrirtæki hafa með rekstri sínum áhrif á umhverfi og samfélag, en ætla mátti að það væri ekki óeðlileg krafa að þau stuðli að sjálfbærri þróun með rekstri sínum.

VÖNDUÐ SKRIFSTOFUHUÐSGÖGN

Á MIKLU BETRA VERÐI

PRIMA SKRIFBORD
120x80cm eða 150x80cm
Með eða án rafmagnsliða
Til hvítu, beyki, hlín,
kirsuberja, gráu og eik.
Verð frá kr. 34.200,-

ALU BASIC SKRIFBORDSSTÓLL
Blát, grár eða svartur
Verð kr. 53.800,-

TOP-PRO SKRIFBORDSSTÓLL
Blát, grár, svartur
eða rauður
Verð kr. 29.900 kr,-

SITNESS 20 HEILSUKOLLUR
Rauður, ljóublát, blát,
appelsínugulur, ljósgrænn,
grænn, gulur, grár og svartur
Verð kr. 42.700,-

PRIMA MÖPPUHILLUR
Breidd 89cm
Dýpt 40cm
Hæð: 89cm,
185,5 eða 221,5 cm
Opnir eða með
hurðum/skúttum
Til hvítu, beyki, hlín,
kirsuberja, gráu eða eik.
Verð frá kr. 29.800,-

Hirzlan
Smíðsbúð 6, 210 Garðabæ, Sími 564 5040
www.hirzlan.is

Topstar  **tvilum**